

Þorláksmessutónleikar 2012

ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR BUBBA MORTHENS Í HÖRPU

Líkt og margar aðrar hefðir í þjóðfélaginu eru þorláksmessutónleikar Bubba Morthens orðnir ómissandi liður í undirbúningi jóla. 30 ár hefur Bubbi haldið þessari hefð sinni á þorláksmessunni, lengst af á Hótel Borg, þar á eftir í nokkur ár í hinu fallna skemmtanaveldi NASA v/ Austurvöll og nokkur undanfarin ár í Háskólabíói v/ Hagatorg. Hefur Bubbi haldið þessa hefð lengur en nokkur annar tónlistarmaður á Íslandi

Í FYRSTA SINN Í HÖRPU

Árið 2012 er merkilegt fyrir þær sakir að nú kemur Bubbi fram í Hörpunni í fyrsta sinn með tónleika og er það vel við hæfi að þakka hann fyrir þáttinn á þorláksmessu. Tónleikarnir verða í Eldborgarsalnum

BYLGJAN Í BEINNI FRÁ HÖRPU Á ÞORLÁKSMESSU

Að venju verður útvarpað frá tónleikunum á Bylgjunni. Bubbi mun halda sínar föstu hefðir með tímasetningu og hefjast tónleikarnir stundvíslega kl 22:00. Engum blöðum er um það að fletta að Bubbi á sér fastan sess hjá þjóðinni og margir sem líta á þorláksmessutónleika hans sem hluta af sínum jólaundirbúningi, annað hvort með að mæta á tónleikana eða hlusta á þá í útvarpi á meðan hugað er að jólahaldinu heima fyrir.

ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKARNIR Á ÞREM STÖÐUM Í ÁR

Það er okkur ánægja að tilkynna að Bubbi verður í fyrsta skipti á Akranesi með þorláksmessutónleika og bætist þar með þriðji. Síðan . Í fyrra var Bubbi með tónleika á Akureyri og er skemmt frá því að segja að uppselt var á þorláksmessutónleikana norðan heiða.m Akureyri með þorláksmessutónleika og hefur 21. desember orðið fyrir valinu. Munu tónleikarnir bæði á Akranesi og á Akureyri verða með sama sniði og hinir venjubundnu þorláksmessutónleikar sunnan heiða. Er von Bubba að þetta geti orðið árlega viðburður á fleiri stöðum en í Reykjavík á komandi árum.

MIÐASALA

Miðasala hefst á www.midi.is og www.menningarhus.is föstudaginn 28. september. Við hvetjum fólk til að tryggja sér miða í tíma því mikil ásókn er í þorláksmessutónleikana.

ÞAÐ SEM VERT ER AÐ VITA V/ 19. DESEMBER

-staðsetning Bíóhöllin Akranesi

-tímasetning kl 20:30

-húsið opnar kl 20:00

-miðasala www.midi.is og www.menningarhus.is

-miðaverð 4.900 kr

-sæti selt er í ónúmeruð sæti

ÞAÐ SEM VERT ER AÐ VITA V/ 21. DESEMBER

-staðsetning HOF

-tímasetning kl 20:30

-húsið opnar kl 20:00

-miðasala www.midi.is og www.menningarhus.is

-miðaverð 4.900 kr

-sæti selt er í númeruð sæti

ÞAÐ SEM VERT ER AÐ VITA V/ 23. DESEMBER

-staðsetning Harpa

-tímasetning kl 22:00

-húsið opnar kl 21:00 (Hleypt inn í sal kl 21:45)

-miðasala www.midi.is

-miðaverð 5.900 kr

-sæti selt er í númeruð sæti

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.prime.is Einnig má senda rafpóst á prime@prime.is